



## Nýtt merki Sjálfsbjargar Ish. 2019

**Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde, nemi í Listaháskóla Íslands.**

### **Forsaga.**

Sjálfsbjörg landssamtök hreyfihamlaðra leitaði til Listaháskóla Íslands haustið 2018 með spurningu um það hvort unnt væri að hafa samvinnu við LHÍ um samkeppni meðal merkjahönnunarnema um nýtt merki samtakanna. Vel var tekið í erindið og samþykkt að samkeppnin færi fram á vorönn 2019 og 16 hönnunar nemendur tækju þátt í samkeppninni undir leiðsögn kennara. Formaður og framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. mættu síðan í skólann í upphafi annarinnar og kynntu samtökin, tilurð og hugmyndina að baki gamla merkinu og afhentu og vísuðu á frekari upplýsingar um samtökin og starfsemi þeirra. Nemendur og kennarar spurðu síðan út í starfsemina og kynntu sér starfsemina sjálfstætt meðan á hugmyndavinnunni stóð.

Samkeppnin fór síðan af stað. Í mars var kynningarfundur þar sem allir nemendurnir sextán sýndu sína tillögu og kynntu. Tillögurnar urðu því 16. Ráðlagt var að strax yrðu t.d. 10 merki útilokuð og fór fram „kosning“ meðal starfsfólks samtakanna og fleiri þar sem fólk merkti við 10 merki sem þeim þætti síst koma til greina. Þá stóðu 6 merki eftir og á fundi stjórnar samtakanna voru þrjú merki síðan útilokuð. Þrjú merki stóðu þá eftir og voru þau kynnt á Facebook og á

Landsfundi Sjálfsbjargar 4. maí 2019 kusu landsfundafulltrúar milli þessara þriggja merkja og varð merki hannað af *Alexöndru Ýr Bridde* hlutskarpast og var valið afgerandi.

### **Hugmyndin að baki merki Alexöndru:**

Við hugmyndavinnuna var stuðst við þá kynningu sem við (nemendur LHÍ) fengum á málefna- og baráttuvinnu Sjálfsbjargar, sem og eigin upplýsingum er ég aflaði á starfseminni (t.d. skoða vefsíðu, Facebooksíðu og skoða leitarvélar). Þá horfði ég til eldra merkisins og til þeirra hvatningarorða sem höfundur eldra merkisins (Ríkharður Jónsson) lét fylgja eldra merkinu „*Alltaf beita upp í vindinn, eygja, klífa hæsta tindinn*” og vildi ná tengingu þar við.

Nýja merkið notar mannshönd sem er mjög táknræn fyrir baráttustarf og jafnframt er vísað til forms eldra merkisins, en fingur handarinnar lýsa lögun klettsins sem er grunnur þess merkis. Notuð er upprétt hægri höndin og táknar hún hvatningu, samstöðu og baráttustarf samtakanna, en á sama tíma er hún vinaleg og hlýleg.

Þá er litur merkisins unninn út frá lit eldra merkisins, en ákveðið að gera hann bjartari og nútímalegri.

Hendur mannlíkamans er sá hluti mannlíkamans sem er einna mest notaður í merkjum félagasamtaka. Ástæðan er að þær eru svo lýsandi og táknrænar. Svo vitnað sé í hinn forna heimspeking Aristotle, þá eru hendurnar tæki tólanna (e. "tool of tools"). Almennt lýsa þær styrkleika, afli og vernd.

Þannig tel ég að Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra hafi fengið afar táknrænt, stílhreint og lýsandi nýtt merki sem mun gefast þeim vel í málefna- og baráttustarfinu í komandi framtíð.

Bestu kveðjur,

***Alexandra Ýr Bridde,***

hönnuður hins nýja merkis Sjálfsbjargar Ish.